



Epsilondeild DKG . Fundur haldinn í Leikskólanum Strandheimum-Æskukoti á Stokkseyri laugardaginn 29. okt 2022 kl 10:30

1. Guðríður Egilsdóttir, formaður, bauð systur velkomnar og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.
 2. Nafnakall eftir lista. Sumar höfðu boðað forföll, aðrar létu ekki heyra í sér en 11 voru mættar.
 3. Guðrún Sigríks, ritari las upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.
 4. Guðríður, formaður sótti framkvæmdaráðsfund DKG 17. september sl. og sagði okkur systur frá fundinum. Þar kynnti stjórnin sig en formaður er Guðrún Ebba Bengtsdóttir. Formenn frá flestum deildum samtakanna voru mættir og kynntu sig. Guðríður var afar ánægð með að fá svo kynningu á DKG og kynningu á handbókinni. Þá flutti Sigríður Indriðadóttir, eigandi SAGA Competence, erindi um jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi. T.d. að hafa skemmtilega fundi, láta fólki líða vel, sleppa ósiðum eins og að rotta sig saman og mynda klíkur, setja mörk og gefa endurgjöf. Þá kom fram á fundinum að systur hefur fækkað í samtökunum og voru formenn hvattir til að fjölga í sínum deildum, helst um tvær á ári. Guðríður hvatti okkur til að svara spurningum eins og hvað getum við gert til að gera starfið öflugra og hvernig vekjum við áhuga hjá öðrum konum. Fjörugar umræður spruttu fram um þetta málefni sem leiddi til þess að Erna fékk þá hugmynd að við myndum standa fyrir málþingi um lestur þar sem fjallað yrði um öll skólastigin. Þetta fannst fundarkonum bráðsnjöll hugmynd og var ákveðið að hrinda þessu í framkvæmd næsta haust.
- Nokkra punkta átti Guðríður enn frá framkvæmdaráðsfundinum þ.e að sumar voru óánægðar með tímasetningu Landssambandsþingsins en of seint þykir að breyta því núna þar sem undirbúningur er kominn langt á veg. Fjármál deilda voru rædd þar sem fram kom að það er alveg óþarfi að eiga sjóð. Svo kom fram að gömul gögn eiga heima í Kvennasögusafni. Við eigum nokkra kassa af gögnum sem þarf að flokka og fara með á safnið. Elínborg og Ásborg tóku þatta að sér.
5. Systur fengu það verkefni að finna konur sem þeim finnst að eigi heima í samtökunum og skrifa nöfn þeirra á blað á næsta fundi.
 6. Orð til umhugsunar var í höndum Elínborgar. Hún flutti ljóð eftir Sigríði Ólafsdóttur héraðsdómara sem birtist í bókinni Í dag- um lífið, tilveruna og trúna. Hugleiðingar 366 íslendinga. Ljóðið fjallaði um lífið og það að eldest. Elínborg sagði í framhaldi af þessu frábæra ljóði að það væri hægt að vera svo þakklátur fyrir svo margt.
 7. Næst var dregið í happdrættinu og fékk Vera vinninginn sem var fallegur lítill kertastjaki.

8. Ingibjörg Ingadóttir, fráfarañi formaður, færði Guðríði formannanælu og Guðríður afhenti Ingibjörgu nælu fyrrum formanns.

Önnur mál. Ingibjörg Ingadóttir fékk orðið og sagði okkur frá málefnum móður sinnar.

Fleira ekki gjört og fundi slitið kl 11:30.

Systur fóru saman á vinnustofu Elfars listmálara og áttu skemmtilegt spjall við hann. Síðan fórum við á Fjöruborðið og fengum okkur dýrindis humarsúpu. Þar var margt skemmtilegt spjallað og gáfulegt.